

4. fundur Hverfisráðs Selfoss, Tíbrá 10.mars 2020. Kl: 20:05

Mætt fyrir hönd hverfisráðs eru:

Kristján Eldjárn Þorgeirsson

Grétar Guðmundsson

Elín María Halldórsdóttir

Jón Hjörtur Sigurðsson

Sigríður Grétarsdóttir

Mættir fyriri hönd bæjarfulltrúa eru:

Gunnar Egilsson

Helgi Sigurður Haraldsson

- Til stendur að setja upp fleiri grendargáma í Árborg líkt og hjá Sunnulækjarskóla. Hverfisráðið ræddi mögulega staði sem myndu henta m.a. með tiliti til aðgengis. Þeir staðir sem okkur fannst koma til greina eru frá:
 - Ástjörn að Austurvegi, Móaveg að Fossveg og svæðið við Ártún og Miðtún.
 - Fara þarf betur yfir merkingar á grendargánum
 - Tillaga að setja grendargám við gámasvæðið sem hægt væri að nota eftir að gámasvæðið lokar á daginn.
- Hverfisráðið ræddi gönguljós og gangbrautir og hvað mætti bæta og fara betur. Það vantar lýsingu við gangbrautir við skóla og leikskóla þar sem mikið er um gangandi vegfarendur. T.d. mætti vera betri lýsing við gangbraut á Tryggvagötu við Sunnulækjarskóla, eins við Norðurhóla á móts við Sunnulækjarskóla. Það mætti vera betri lýsing við gangbraut á Engjavegi á móts við fótboltavöllinn og

lýsing við allar gangbrautir við alla leikskóla. Þetta er einungis upptalning á nokkrum stöðum, það koma mun fleiri staðir til greina. Hverfisráðið hvetur bæjarráðið að fara vandlega yfir málefnið.

- Hverfisráðið hefur fengið tilkynningu að hundaeigendur séu óánægðir með gaddavír sem er efst á girðingu við hundagerðið. Hverfisráðið óskar eftir svörum hvort þörf sé fyrir gaddavírinn.
- Hlutverk hverfisráðsins var rætt.
 - Breytingar á deiluskipulagi og aðalskipulagi fari fyrir hverfisráðið áður en þær eru auglýstar fyrir almenning.
 - Hugmynd að íbúar geti komið með hugmyndir að breytingum í Árborg til hverfisráðs.
 - Hugmynd að halda íbúarfund í haust.
- Á fyrsta fundi hverfisráðs var rætt um bílastæði fyrir vertaka á stórum bílum. Hverfisráði tjáð að engin niðurstaða sé komin og það vanti lausn. Spurningin er m.a. hvar sveitarfélagið eigi land.
- Hverfisráðið ræddi um hálkuvarnir við skóla, leikskóla og opinberar stofnanir á Selfossi og eru meðlimir ráðsins sammála að hálkuvörnum séu mjög ábótavant. Bæði þurfi að bæta hálkuvarnir til muna við skóla og leikskóla og að húsverðir þurfi að vera duglegri að hálkuverja fyrr á morgnana við innganga og gangstéttir þar sem gangandi umferð er mikil. Einnig þarf að hálkuverja betur fyrir framan stofnanir bæjarins.
- Hverfisráð ræddi fundargerð síðasta fundar, 3.fundargerð, 53.fundi bæjarráðs. Í þeirri fundargerð var meðal annars fjallað um
 - Gangbrautir milli Hellna og Landa.
 - Aðgengi fyrir fótgangandi m.a. fyrir börn á leið í skóla.
 - Óánægju íbúa hvernig staðið er að skipulagi á þessu svæði

- Hverfisráð ræddi aðgengi gangandi fólks í Árborg og hvað mætti gera betur.
 - Aðgengi ábótavant
- Hverfisráð ætlar að fara yfir hvaða mál hafa verið tekin fyrir hjá bæjarráði og verið send í nefndir og hvort sé búið að taka einstaka mál frá hverfisráði fyrir.

Fundi slitið 21:20